



Kennari: **Sigþrúður Harðardóttir**

### Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarárammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lesextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

**Undanfari:** . Áfanginn er fyrir byrjendur og þá sem litla kunnáttu hafa í íslensku.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheimum

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta s.s. fréttu
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

### Námsefni:

- Verkefnablöð frá kennara
- Fréttir og blaðagreinar
- Kæra dagbók – námsefni frá MMS
- Íslenska fyrir okkur hin – námsefni frá IÐNÚ
- Námsefni af vef

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.-4.	2. janúar - 29. janúar	<p>Kynning.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með, stafrófið, tölur, afmæli, klukkuna o.fl.</li> <li>• Dagar, mánuðir, árstíðir</li> <li>• Eintala fleirtala</li> <li>• Matur og drykkur</li> </ul> <p>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun</p>	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Málfræðiverkefni
5. - 8.	30. janúar - 26. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einföld samtöl og kveðjur</li> <li>• Líkaminn, útlit, heilsa</li> <li>• Heimili og húsbúnaður</li> </ul> <p>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun</p>	Ritunarverkefni Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni
9. - 13.	27. febrúar- 31. mars	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Landið mitt (skrifleg og munnleg kynning)</li> <li>• Ísland og náttúran</li> <li>• Ferðalög og ferðamátar</li> </ul> <p>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun</p>	Munnleg og skrifleg landkynning
15.-18.	12. apríl – 5. maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsheiti og starfsumsóknir (eyðublöð)</li> <li>• Frítími og tómstundir</li> <li>• Fatnaður</li> <li>• Afþreying (kaffihús, samfélagsmiðlar)</li> </ul> <p>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun Kennslu lýkur.</p>	Ritunarverkefni - Skrifa starfsumsókn Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni
19.-22.	8.-30.maí	Námsmatsvika, Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn	

**Sérreglur áfangans:** Ekki er lokapróf úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og fer matið fram jöfnum höndum alla önnina.

**Námsmat (skilaverkefni):**

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 25%

Skilaverkefni *Landið mitt*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Janúar 2023

Sigþrúður Harðardóttir